

L Ö G

um sölu dýralæknisbústaðar í Borgarnesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja gamla dýralæknisbústaðinn við Gunnlaugsstötu 21 í Borgarnesi, ásamt lóðarréttindum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 13. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

21. maí 1965.

Nr. 67.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 20. gr. orðist svo:

Áður en úthlutað er framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, skal draga frá úthlutunarfénu 3% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laga þessara.

2. gr.

31. gr. orðist svo:

Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.

Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær, samkv. 32. gr.

Hjá einstaklingum kr. 35 000.00.

Hjá hjónum kr. 50 000.00.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda kr. 10 000.00.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurfjöfnun.